



Mynd: HRAUN

Gróttta

Nóvember 2025

Athugasemdir og ábendingar

Náttúrufræðistofnun

Stækkun friðlandsins er fagnað. Seltjörn er aflíðandi sandfjara og grunnsævi sem er mikilvæg fæðustöð fugla. Þar er einnig að finna fjörumó sem er fágæt vistgerð og sandmaðksleirur auðugar af dýralífi og mikilvæg fæðusvæði fugla.

- Stofnunin myndi vilja sjá friðlýsinguna ná yfir krúvarp á Suðurnesi og Snoppu.
- Æsilegt er að taka fram í skilmálum að eggjataka sé óheimil.
- Jákvætt að lokunartími Gróttu hafi verið lengdur.
- Æskilegt er að lengja lokunartíma fyrir vatnatæki á Seltjörn fram til 15. ágúst þar sem æðarfuglar eru með unga fram í ágúst.
- Jákvætt að banna flug ómannaðra loftfara allt árið nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.
- Ekki verður lengur bannað að vera með hunda í Gróttu líkt og í eldri friðlýsingu. Æskilegt er að banna hunda á varptíma innan friðlandsins.
- Æskilegt er að lagfæra orðalag um vöktun Náttúrufræðistofnunar í friðlýsingunni.

Að lokum leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að berjast gegn landnámi skógarkerfils í Gróttu.

Svar samstarfshóps

Í friðlýsingaferlinu komu margir stækkunarmöguleikar til tals en að svo stöddu verður friðlýsingin afmörkuð við það svæði sem hefur verið lagt til.

Skv. 10. gr. í tillögu að friðlýsingarskilmálum kemur fram að óheimilt sé að trufla dýralíf að ásetningi, ákvæði sem bannar eggjatöku verður bætt þar fyrir aftan til áréttingar. Samstarfshópur ræddi mikið um lokunartíma fyrir vatnatæki á Seltjörn en lokun tjarnarinnar hefur verið mótmælt af notendum svæðisins. Niðurstaða umræðunnar er að halda sig við tímabilið til 31. júlí.

Eftir umræðu og mat á stjórnsýslu í tengslum við notkun ómannaðra loftfara var ákveðið að breyta ákvæðum um algert bann við flugi þeirra nema með leyfi stofnunarinnar. Niðurstaða umræðunnar var að leyfa flug ómannaðra loftfara á tilteknum tíma árs en mögulegt verður að setja frekari reglur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Heimilt verður að hafa hunda í taumi innan friðlandsins en umferð verður bönnuð um Gróttu og þar með viðkvæmasta varplandið. Heimildin er í samræmi við samþykktir Seltjarnarnesbæjar. Komi upp vandamál vegna ákvæðisins verður brugðist við því í stjórnunar- og verndaráætlun.

Umfjöllun um vöktun verður löguð.

Kayakklúbburinn

Félagar í klúbbnum, ásamt öðru áhugafólki um sjósport, hafa um árabil nýtt sér sandfjörur við Gróttu til æfinga í brimlendingum og öðrum öryggistengdum þáttum. Sambærilegar æfingaaðstæður eru hvergi annars staðar að finna á höfuðborgarsvæðinu, og skipta þær því verulegu máli fyrir iðkendur.

Það er sameiginlegt hagsmunamál þeirra sem starfa að skipulags og náttúruverndarmálum að ná til þeirra sem nýta náttúru landsins og miðla til þeirra fræðslu og forvörnum.

Eitt besta tækifærið til þess er í gegnum samstarf við hagsmunasamtök eins og Kayakklúbbinn, sem getur með öflugum innra starfi komið á framfæri upplýsingum um hvar og hvenær heimilt er að nýta ákveðin strandsvæði. Kayakklúbburinn óskar eftir endurskoðun á 6. grein tillögunnar, er varðar landtöku frá sjó.

Það er eindregin ósk klúbbsins að umferð kayakfólks verði heimiluð utan varptíma á verndarsvæði friðlands Gróttu.

Svar samstarfshóps

Markmiðið með að takmarka landingar innan friðlýsta svæðisins er að hlúa að fuglalífi á viðkvæmasta tíma þess, varptíma. Þar af leiðandi eru settar takmarkanir á notkun vatnatækja á þeim tíma.

Náttúruverndarstofnun vill að sama skapi gera fólki mögulegt að njóta útivistar á friðlýstum svæðum, sé það mögulegt án þess að raska því lífríki sem markmiðið er að vernda.

Bann við landtöku óháð árstíma er strangara ákvæði en svo að það þjóni dýralífi svæðisins og því hefur samstarfshópur samþykkt að takmarkanir á landtöku óvélknúinna siglingatækja einskorðist við varptíma og lúti sama tímaramma og önnur umferð á Seltjörn.

Böðvar Þórisson

Ég mótmæli með rökum hvar friðland við Gróttu skal ná yfir alla Seltjörn.

Engar rannsóknir sýna fram á truflun fuglalífs við Gróttu tengt ástundun drekasiglinga né seglbretta.

Framkvæmd var athugun með starfsmönn

Náttúrustofnunar á truflun dreka við kríuvarp. Drekar trufluðu kríur ekkert. Undirritaður tók þátt í athuginni.

Aldrei hafa siglingamenn verið til vandræða á svæðinu, en Seltjörn er besti siglingarstaður dreka og seglbrettasiglinga í norðanátt á StórReykjavíkarsvæðinu.

Í 40 ár hef ég siglt seglbrettum og með dreka á Seltjörn, en aldrei orðið fugli til vanda.

Ég hef hinsvegar drepit önd á Nesvelli með golfkúlur.

Ég legg til að verndarsvæði verði óbreytt og það sama og áður.

Geir Sverrisson

Undirritaður gerir athugasemdir við bann seglbretta og sjódreka í fyrirhugaðri stækkun friðlands Gróttu yfir sumarmánuði. Fáir einstaklingar stunda þessa tegund sjósiglinga, stuttan tíma í einu.

Eðli þessara siglingaíþróttar er að beinlínis lífshættulegt er að fara um sjóvarnargarða. Þá er vert að taka fram að það er algjörlega útilokað að taka af stað frá höfnum.

...

Ég velti fyrir mér hvort vinnubrögð vandaðrar stjórnsýslu séu í hávegi höfð hvað varðar meðalhóf, jafnræði og rannsóknarskyldu þar sem ekki virðist vitnað í neinar rannsóknir vegna banns vindknúinna brettasiglinga. Bannið einskorðast við vindbrettasiglingar og sjóketti sem eru vélknúin farartæki af allt öðrum toga. Aðrar tegundir umferðar á sjó eru ekki nefndar.

Ég er þeirrar staðföstu skoðunar að þessi tegund útiveru og íþróttaiðkunar sé algjörlega í sátt við náttúruna líkt og önnur útivera og íþróttaiðkun almennings við strandlengjuna.

Siglingasamband Íslands

- Friðlýsingin fer gegn c. lið 1. gr. laga um náttúruvernd “að tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.”
- Í tillögu friðlýsingar eru settar fram takmarkanir á siglingar á Seltjörn sem takmarka möguleika á siglingum og fara þannig gegn c. lið 1. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Fram kemur í tillögunni hrein mismunur á milli golfs, siglinga og hjóleiða.
- Ekki ástæða til að ganga harðar fram gagnvart siglingafólki en hjóla- og golffólki.
- Ber að gæta jafnræðis og meðalhófs
- Í friðlýsingu er tiltekið að verið sé að vernda kríuvarp í Gróttu en ekki er verið að friðlýsa kríuvarp við golfvöllinn.
- Mörk friðlands færð á haf út, því er mótmælt. Friðlýsing á landi ætti að vera fullnægjandi. “Hér skín í gegn hvernig takmarkanir á umferðarétti... beinast að siglingum”.
- 6. gr. gengur of langt í að takmarka landtöku.
- Lengd tímabils takmakana á umferð um Gróttu þykir og langt. Eðlilegt að halda sig við fyrra tímabil.
- Því er mótmælt að sjódrekar og seglbretti séu sett í sama flokk og sjókettir þegar kemur að takmörkunum á hafi.
- Ef setja á sérstakar reglur um Seltjörn þá þurfa þær að heimila aðgang að strönd fyrir vind og vöðvaknúin siglingatæki.
- Fjarlægðatakmarkanir frá landi líkt og fyrir gilda í Gróttu væru ásættanlegar.
- Takmarkanir á aðgangi að landi geta beinlínis verið hættulegar siglingafólki.
- Það er ekkert sem bendir til þess að umferð siglingatækja nokkra klukkutíma í viku trufla fuglalíf á Seltjörn.
- Þess er óskað að orðin seglbretti og sjódrekar falli niður í fyrstu málsgrein um sérstakar reglur á Seltjörn.

Íþróttasamband fatlaðra

Íþróttasamband fatlaðra gerir athugasemd við siglingabann seglbretta og sjódreka á Seltjörn í tillögu um fyrirhugaða stækkun friðlands við Gróttu. Báðar þessar siglingaíþróttagreinar voru keppnisgreinar á sumarólympíuleikunum í París 2024.

Hafflöturinn við Seltjörn er veðurfars- og öryggislega séð besti siglingastaðurinn á höfuðborgarsvæðinu og þær dagsetningar sem lagðar eru til sem banntími helsti ástundunartími íþróttarinnar.

Innan vébanda íþróttar fatlaðra er iðkandi sjódrekasiglinga og hefði stækkun friðlands á þessum tíma áhrif möguleika viðkomandi til íþróttar- og lýðheilsuiðkunar. Sem stendur er viðkomandi eini Íslendingurinn úr röðum fatlaðra sem stundar sjódrekasiglingar en vonir standa til að fleiri aðilar úr röðum fatlaðra líti á þessa iðkun sem úrræði í sinni mannrækt í framtíðinni og því mikilvægt að eina fyrirmyndin geti haldið á lofti

Svar samstarfshóps við athugasemdum Böðvars Þórissonar, Geirs Sverrissonar, Íþróttasambands fatlaðra og Siglingasambands Íslands

Fyrirhuguð stækkun friðlands í Gróttu mun ná yfir lífríkissvæði Seltjarnar og strandlengjunnar og tiltekið hafsvæði í kring. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 2. gr. laga nr. 60/2013, með því að vernda alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði á Seltjarnarnesi, vistgerðir þess og búsvæði fugla í samræmi við skilgreiningar Náttúrufræðistofnunar. Vernda skal lífríki í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla, sem og hafsbotninn sbr. 2. gr. tillögu að friðlýsingu. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um friðlýsinguna segir að friðlýsingin ætti að ná yfir alla fjöruna kringum Suðurnesið og fjörusvæði Bakkavíkur sunnan megin á nesinu. Æskilegt er að friðlýsing nái yfir búsvæði og fæðuöflunarsvæði fugla í sjó.

Jóhann Óli Hilmarsson vann samantekt fyrir Seltjarnarnesbæ, útgefin þann 20. desember 2019, þar sem drekabretti (kite surfing) eru metin hafa töluverð áhrif á fuglalíf, þó ekki eins mikil áhrif og hraðbátar og sæpotur. Af óvélrænu vatnasporti var drekaflug talið hafa mest áhrif á fuglalíf.

Í þýskri skýrslu sem kom út árið 2016 (On the effects of kitesurfing on waterbirds – a review) sýna gögn fram á veruleg neikvæð áhrif drekaflugs á fuglalíf. Í skýrslunni er gengið svo langt að leggja til að á svæðum sem njóta lagalegrar verndar eigi að banna notkun svifvængja í þágu dýralífs. Ári síðar kom út skýrsla unnin fyrir Global Kitesports Association sem andsvar samtakanna við þýsku skýrslunni. Þar kemur fram að þó sjódrekanotkun geti virst truflandi fyrir fuglalíf verði að taka tillit til heildarmats á áhrifum íþróttarinnar og þess að aðrar mannlegar athafnir hafa áhrif á fuglalíf. Í skýrslunni kemur fram að í sumum tilfellum eru takmarkanir réttlætanager t.d. á svæðum þar sem fuglar leita fæðu, þar sem fuglar halda sig á fartíma og á setstöðum (Kitesurfing and Birds – A Review).

Fuglar sem fljúga upp vegna truflunar nýta til þess mikla orku sem getur haft áhrif á þá á öllum tímum árs, ekki síst varptíma. Mikilvægt er því að vanmeta ekki áhrif mannlegra athafna á fuglalíf.

Svar samstarfshóps við athugasemdum bls. 4-6 (framhald)

Meginmarkmið laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er þrjúþætt; (a) að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf, land, loft eða lögur, (b) að auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum og (c) tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar.

Með c. lið er undirstrikaður réttur almennings til þess að fara um í lögmætum tilgangi í samræmi við 4. kafla laga um náttúruvernd. Til þess að stuðla að markmiðum laganna getur ráðherra friðlýst landsvæði í samræmi við ákvæði 7. kafla laga um náttúruvernd. Í friðlýsingu eru athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiðum friðlýsingar og geta skaðað verndargildi náttúruminja óheimilar.

Undirbúningur friðlýsinga er samstarfsverkefni þar sem leitast er við að ná málamiðlum milli ólíkra hagsmuna. Meginmarkmið þeirra er þó ætíð að hlúa að lífríki og náttúrufari. Sem liður í málamiðlun vegna þessarar friðlýsingar ekki tekið fyrir stærra svæði að svo stöddu en það þýðir ekki svæðin hafi ekki ríkulegt verndargildi.

Ásamt því að ákvarða hvaða svæði falla undir friðlýsingu þarf með samtali að ná fram tilætlaðri vernd með beitingu þeirra stjórnþækkja sem lög gera ráð fyrir. Sem fyrr segir felast markmið náttúruverndarlaga m.a. í því að gera almenningi kleift að njóta náttúrunnar, skapa vettvang til fræðslu og tækifæri til að upplifa villt dýralíf. Það er mat Náttúruverndarstofnunar að til þess að vernda fuglastofna sé mikilvægt að beita tímabundnum lokunum á svæðinu sem skilgreint er sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Beiting takmarkana er studd af Náttúrufræðistofnun, sem leggur þó til lengra lokunartímabil til að vernda fuglalíf á ungateíma. Takmarkanir á umferð eru í þágu staflaðar a. í 1. gr. laga um náttúruvernd 60/2013

Það er mat Náttúruverndarstofnunar og samstarfshóps um friðlýsingu Gróttu og Seltjarnar að þær takmarkanir sem lagðar eru til séu studdar góðum rökum.

Vegagerðin

Með hliðsjón af skyldum Vegagerðarinnar gagnvart vitum og sjóvarnir þarf Vegagerðinni að vera heimilt að sinna viðhaldi þeirra mannvirkja sem eru í Gróttu.

- Vegagerðin þarf að hafa aðgang að vitanum á lokunartímabili vegna bilana
- Vegagerðin þarf að geta sinnt nauðsynlegum framkvæmdum við sjóvarnir innan friðlandsins ef þörf krefur, að höfðu samráði við Náttúruverndarstofnun.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar í umsögninni við 6. gr. og 12. gr. friðlýsingarinnar.

Svar samstarfshóps

Samstarfshópur var sammála um að Vegagerðin þyrfti skýrar heimildir til að bregðast við bilunum á lokunartíma sem hefðu áhrif á öryggi sjófarenda. Tillögur Vegagerðarinnar að orðalagi þóttu veita of víðtækar heimildir til framkvæmda og viðhalds í Gróttu á lokunartímabili þar sem markmiðið er að vernda fuglalíf á viðkvæmasta tímabili fuglanna, varptíma.

Nýtt orðalag var unnið í samstarfi við Vegagerðina.

Minjastofnun

Fjallað er um vernd menningarminja í tillögunni og vísað í lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við tillögu að auglýsingu um friðlýsingu Gróttu og Seltjarnar eins og hún er kynnt í meðfylgjandi gögnum.

Samgöngustofa

Gerir ekki athugasemdir.